



Sterkur Stöðvarfjörður

Framtíðarsýn & markmið



BYGGÐASTOFNUN



Endurbætt útgáfa
eftir íbúafund í ágúst 2024

Inngangur

Í þessari samantekt verður gerð grein fyrir markmiðum og framtíðarsýn í verkefninu Sterkur Stöðvarfjörður sem tilheyrir röð verkefna á landsvísu undir stjórn Byggðastofnunar undir heitinu Brothættar byggðir. Í upphafi verkefnis var haldið íbúáþing þar sem íbúar voru kallaðir saman í tveggja daga vinnustofu og var því stýrt af Sigurborgu Kr. Hannesdóttur hjá ráðgjafafyrirtækinu Ildi. Í framhaldi vann verkefnisstjórn stöðugreiningu á svæðinu þar sem tekið var tillit til íbúapróunar, atvinnulífs og sérstöðu byggðarlagsins.

Niðurstöður íbúáþings, fyrrnefnd stöðugreining og aðrar skýrslur sem lágu fyrir um svæðið voru notaðar til að móta framtíðarsýn og markmið. Framtíðarsýn og markmið voru borin undir íbúa til samþykktar á íbúafundi sem haldinn var haustið 2022. Starfsmarkmiðin voru uppfærð eftir íbúafund í ágúst 2024.



Hugtakanotkun og orðskýringar:

Brothætta byggðir:	Verkefnið Brothættar byggðir sem verkfæri/verklag á landsvísu.
“Brothætt byggð”:	Verkefni Brothættra byggða í einstökum þáttökubbyggðarlögum fá sérstök heiti. Hugtakið „brothætt byggð“ er hér notað um verkefnið í einstökum byggðarlögum.
Byggðarlag/byggð:	Orðið byggðarlag eða byggð er hér notað um samfélag sem markast af landfræðilegum og menningarlegum aðstæðum, fremur en sveitarfélagamörkum.
Framtíðarsýn:	Mynd sem lýsir framtíðarstöðu við lok stefnumótunartímabils í brothættri byggð.
Meginmarkmið:	Þrjú til fjögur markmið sem styðja framtíðarsýn og fela í sér skilgreiningu framtíðarstöðu í þeim áherslupáttum sem hafa verið valdir og mótaðir innan verkefnisins Brothættar byggðir.
Starfsmarkmið:	Markmið sem styður tiltekið meginmarkmið. Á grundvelli þess má útfæra með mælanlegum hætti hvernig tiltekinn ábyrgðaraðili þess mun beita sér og innan hvaða tímaramma.
Stefnumótun:	Að móta skýra sýn á það hvert á að stefna með þáttöku byggðarlags í verkefni um brothætta byggð. Það felur meðal annars í sér að móta framtíðarsýn, meginmarkmið, starfsmarkmið og tillögur um aðgerðir.
Stöðugreining:	Yfirlit og greining helstu þátta er einkenna stöðu byggðarlags og framtíðarhorfur. Dæmi eru þróun í fjölda og aldursdreifingu íbúa, þróun í atvinnulífi, menningarlífi, svo og umfjöllun um helstu áætlanir og ytri áhrifaþætti sem varða framtíð viðkomandi byggðarlags.

Verkefnisstjórn

Í verkefnisstjórn hvers verkefnis Brothættra byggða sitja fulltrúar viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka atvinnuþróunarfélags, Byggðastofnunar og íbúa. Mismunandi er eftir verkefnum hvaða stofnun hýsir starf verkefnisstjóra og í verkefninu Sterkur Stöðvarfjörður er staðan vistuð hjá Austurbrú. Verkefnisstjóri er Valborg Ösp Árnadóttir Warén.

Í verkefnisstjórn Sterks Stöðvarfjarðar sitja eftirtaldir aðilar:

- **Alda Marín Kristinsdóttir, verkefnisstjóri hjá Austurbrú**
- **Bjarni Stefán Vilhjálmsson, fulltrúi íbúa**
- **Bryngeir Ágúst Margeirsson, fulltrúi íbúa**
- **Helga Harðardóttir, sérfræðingur hjá Byggðastofnun**
- **Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur hjá Byggðastofnun**
- **Stefán Þór Eysteinnsson, fulltrúi Fjarðabyggðar**
- **Valgeir Ægir Ingólfsson, fulltrúi Fjarðabyggðar**

Eydís Ásbjörnsdóttir sat fyrst um sinn í verkefnisstjórn fyrir hönd Fjarðabyggðar en mannabreytingar urðu eftir sveitarstjórnarkosningar sem haldnar voru vorið 2022 og Stefán Þór kom þá inn í verkefnisstjórn.

Breytingar urðu í verkefnisstjórn Sterks Stöðvarfjarðar árið 2024.

Valgeir Ægir Ingólfsson lét af störfum hjá Fjarðabyggð og í hans stað kom Haraldur Líndal Haraldsson.

Alda Marín Kristinsdóttir fór í ársleyfi frá störfum hjá Austurbrú og í hennar stað kom Ásdís Helga Bjarnadóttir.

Framtíðarsýn 2025

Stöðvarfjörður iðar af mannlífi og íbúar á öllum aldri eru virkir þátttakendur í samfélaginu. Atvinnulíf er öflugt og störfum hefur fjölgað, hvort sem það eru störf í bænum eða óstaðbundin störf. Íbúum hefur fjölgað og Stöðvarfjörður er þekktur sem fjölskylduvænt og gott samfélag sem tekur vel á móti nýbúum.

Stöðvarfjörður hefur byggst upp sem eftirsóttur ferðamannastaður og menningar- og nýsköpunarbær og í þorpinu er næg gisting og þjónusta ásamt fjölbreyttum möguleikum til afþreyingar. Balinn er orðinn að skjólgóðu og notalegu útivistarsvæði fyrir fjölskyldur. Svæðið er gróið og fallegt og þar er nýr leikvöllur með leiktækjum og afþreyingu fyrir allan aldur. Miðbærinn hefur byggst upp og hefur fallega og snyrtilega ásýnd. Húsin í þorpinu eru falleg og þeim er vel við haldið. Það liggur góður og breiður vegur inn í fjörðinn og út í þorp.

Meginmarkmið

Heitin á meginmarkmiðunum eru unnin upp úr skilaboðum íbúapings og með þessum heitum er reynt að draga fram áherslurnar sem komu fram í umræðum íbúa. Uppröðun á þeim er ekki til marks um mikilvægi þeirra. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna er tengt við hvert meginmarkmið.

**Fyrirmyndar
umhverfi**

**Samheldið
samfélag**

**Öflugt
atvinnulíf**

**Sterkir
innviðir**

Meginmarkmið 1: Fyrirmyndar umhverfi

Markmið sem hafa þegar náðst og vinnu við þau lokið:



- Starfsmarkmið 1.1 **Farið verði í hugmyndavinnu með virku samstarfi íbúa og sveitarfélags um nýtingu á Balanum. Útfærð tillaga liggi til kynningar vorið 2023.**
Ábyrgð: Íbúar, Íbúasamtök Stöðvarfjarðar og verkefnisstjóri.
Fjarðabyggð fékk verkfræðistofuna Efla til að teikna svæðið eftir hugmyndavinnu íbúa.
- Starfsmarkmið 1.3 **Átak í gerð göngu – og hjólastíga. A.m.k. tvær nýjar leiðir verði tilbúnar haustið 2025.**
Ábyrgð: Verkefnisstjórn og Íbúasamtök Stöðvarfjarðar.
Stígur lagður inn eftir firðinum, samtals 4.5 km. Stígur upp með skógræktarsvæðinu Nýgræðingi og meðfram sjó í átt að Byrgisnesi.
- Starfsmarkmið 1.8 **Skoðaður verður sá möguleiki að sett verði útilíkamsræktartæki við vinsælar gönguleiðir. Vinnu og uppsetningu verði lokið fyrir vorið 2024.**
Ábyrgð: Íþróttafélagið Súlan, verkefnisstjóri og Íbúasamtök Stöðvarfjarðar.
Íþróttafélagið Súlan fékk styrk árið 2024 til að setja upp útilíkamsræktartæki.
- Starfsmarkmið 1.9 **Greining gerð á núverandi hundasvæði fyrir lok árs 2023.**
Ábyrgð: Fjarðabyggð, Íbúasamtök Stöðvarfjarðar og verkefnisstjóri.
Fjarðarbyggð gaf leyfi haustið 2023 að það mætti fara í framkvæmdir á skipulögðu hundasvæði.
- Starfsmarkmið 1.11 **Gangstéttir verði kláraðar innanbæjar og bætt við þar sem vantar fyrir lok árs 2024. Áhersla á að Fjarðarbraut verði kláruð sem fyrst.**
Ábyrgð: Fjarðabyggð.
Fjarðarbraut var malbikuð haustið 2024.
- Starfsmarkmið 1.12 **Kannaðir verði möguleikar á aðgerðum í orkusparnaði fyrir íbúðarhúsnæði fyrir lok árs 2023.**
Ábyrgð: Verkefnisstjóri.
Styrkir á vegum Orkustofnunar voru kynntir fyrir íbúum og leitað tilboða hjá verktakafyrirtækjum.

Meginmarkmið 1: Fyrirmyndar umhverfi



- Starfsmarkmið 1.2 **Vinna verði hafin við uppbyggingu á Balanum og fyrstu áföngum lokið fyrir lok árs 2023.**
Ábyrgð: Fjarðabyggð og Íbúasamtök Stöðvarfjarðar.
- Starfsmarkmið 1.4 **Útgáfu á göngukorti eða rafrænni leiðsögn um Stöðvarfjörð og nágrenni verði lokið árið 2023.**
Ábyrgð: Göngufélag Suðurfjarða, verkefnisstjóri og Íbúasamtök Stöðvarfjarðar.
- Starfsmarkmið 1.5 **Árlegir hreinsunardagar að vori, í fyrsta sinn í maí 2023.**
Ábyrgð: Íbúar, verkefnisstjóri og Fjarðabyggð.
Árlega verði farið í hreinsunaráttak í bænum, og notast við aðferðafræði Úrbótagöngu. Skoðað hvort sveitarfélag styrki einstaklinga/félög/fyrirtæki til að taka að sér umsjón með „munaðarlausum“ svæðum. Húsnæðiseigendur og eigendur atvinnuhúsnæðis hvattir til að hreinsa til og hafa snyrtilegt í kringum eignir.
- Starfsmarkmið 1.6 **Íbúafundur haldinn fyrir vorið 2023 með áhugasömum og farið í hugmyndavinnu um hvernig miðbæ er ákjósanlegast að hafa á Stöðvarfirði.**
Ábyrgð: Verkefnisstjóri og Íbúasamtök Stöðvarfjarðar.
- Starfsmarkmið 1.10 **Göngustígum á Stöðvarfirði og í grennd við þorpið verði viðhaldið og vinna kláruð við endurbætur eftir því sem við á fyrir lok árs 2024.**
Ábyrgð: Göngufélag Suðurfjarðar, verkefnisstjóri og Fjarðabyggð.

Meginmarkmið 1: Fyrirmyndar umhverfi



Markmið aflagt eftir samþykki íbúa haustið 2024 :

Starfsmarkmið 1.7 **Kannaður verður grundvöllur fyrir því að haldið verði áfram með verkefnið Skúlpúraslóð og nýju verki komið upp fyrir sumarið 2023.**

Ábyrgð: Sköpunarmiðstöð og verkefnisstjóri.

Eitt listaverk er nú þegar komið upp og stefnt er að því að koma fyrir samtals átta útilistaverkum.

Markmið bætt við eftir samþykki íbúa haustið 2024 :

Starfsmarkmið 1.13 **Reglur varðandi opnunartíma móttökustöðva vegna endurvinnslu verða endurskoðaðar fyrir lok árs 2024.**

Ábyrgð: Fjarðabyggð.



Meginmarkmið 2: Samheldið samfélag

Markmið sem hafa þegar náðst og vinnu við þau lokið:



- Starfsmarkmið 2.1 **Virkja fjarbúa og brottflutta með stofnun félags fyrir lok árs 2022.**
Ábyrgð: Verkefnisstjóri og fulltrúar íbúa í verkefnisstjórn.
Stofnaður var Facebook hópur með brottfluttum. Ekki var áhugi á að stofna formlegt félag. Brottfluttir hafa nýtt Frumkvæðissjóðinn fyrir verkefni tengd Stöðvarfirði.
- Starfsmarkmið 2.2 **Kanna grundvöll fyrir leigumiðlun fyrir íbúðir sem ekki eru í heilsárs notkun fyrir vorið 2023.**
Ábyrgð: Verkefnisstjóri og Íbúasamtök Stöðvarfjarðar.
Kannaður var áhugi meðal eigenda þessara húsnæði en ekki var farið í stofnun formlegs félags.
- Starfsmarkmið 2.7 **Finna leiðir til að styrkja rekstur verslunar frekar til framtíðar, meðal annars með aðgerðum Byggðaáætlunar (A9) á haustmánuðum 2022.**
Ábyrgð: Eigendur Brekku og verkefnisstjóri.
Sótt hefur verið í A9 síðustu tvö ár.
- Starfsmarkmið 2.9 **Tryggja þeim sem þess óska aðgang að raunfærnimati byggðu á starfsreynslu, sem og náms- og starfsráðgjöf, í fyrsta skipti haustið 2022. Boðið upp á raunfærnimat árlega eftir það.**
Ábyrgð: Austurbrú.
Þjónusta auglýst árlega og reynt sérstaklega að bjóða starfsfólki grunn- og leikskóla Stöðvarfjarðar.
- Starfsmarkmið 2.10 **Í samstarfi við stjórn Ungmennafélagsins Súlunnar verði leitað leiða til þess að efla íþróttastarf félagsins fyrir lok árs 2022 og aðgerðir endurskoðaðar á hverju hausti.**
Ábyrgð: Verkefnisstjóri og stjórn Ungmennafélag Súlunnar.
Þjónusta auglýst árlega og reynt sérstaklega að bjóða starfsfólki grunn- og leikskóla Stöðvarfjarðar.
- Starfsmarkmið 2.11 **Kortlagning á þörfum íbúa fyrir afþreyingu og félagsstarf og hvernig hægt er að mæta þeim fyrir lok árs 2022.**
Ábyrgð: Félagasamtök á Stöðvarfirði og verkefnisstjóri.
Þjónusta auglýst árlega og reynt sérstaklega að bjóða starfsfólki grunn- og leikskóla Stöðvarfjarðar.

Meginmarkmið 2: Samheldið samfélag



- Starfsmarkmið 2.3 **Athuga þörf og fýsileika á húsnæðiskostum fyrir aldraða, svo sem þjónustuíbúðum, dvalarheimili og minni raðhúsum fyrir lok árs 2023.**
Ábyrgð: Fjarðabyggð, verkefnisstjóri og Íbúasamtök Stöðvarfjarðar.
- Starfsmarkmið 2.4 **Sveitarfélagið skoði möguleika á ýmsum fjárhagslegum aðgerðum, til dæmis að fella niður eða gefa afslátt af opinberum gjöldum í því skyni að laða að nýja íbúa, fyrirtæki og fjárfesta fyrir árslok 2024.**
Ábyrgð: Fjarðabyggð.
- Starfsmarkmið 2.5 **Kannaðir verði möguleikar á breytingu á opnunartíma sundlaugar með tilraunaverkefni sumarið 2023 í þeim tilgangi að koma til móts við þarfir notenda og auka nýtingu á sundlauginni.**
Ábyrgð: Fjarðabyggð og verkefnisstjórn.
- Starfsmarkmið 2.6 **Kannaður verði grundvöllur fyrir lækkun orkukostnaðar í rekstri sundlaugar fyrir árið 2024.**
Ábyrgð: Fjarðabyggð og verkefnisstjórn.

Markmið aflagt eftir samþykki íbúa haustið 2024 :

- Starfsmarkmið 2.8 **Aðstaða við „Ölduna“ verði bætt fyrir lok árs 2024.**
Ábyrgð: Áhugahópur um sjósund og verkefnisstjóri.

Meginmarkmið 3: Öflugt atvinnulíf



Markmið sem hafa þegar náðst og vinnu við þau lokið:

- Starfsmarkmið 3.3 **Kanna grundvöll fyrir stofnun á vottuðu framleiðslueldhúsi fyrir smáframleiðendur fyrir lok árs 2023.**
Ábyrgð: Frumkvöðlar í matarframleiðslu og verkefnisstjóri.
Búið er að teikna upp rými í Sköpunarmiðstöðinni og Heilbrigðiseftirlit samþykkt teikningar.
- Starfsmarkmið 3.7 **Greina þörf fyrir sameiginlegt vörumerki eða „skjaldarmerki“ sem gæti nýst í markaðssetningu á vörum framleiddum á Stöðvarfirði fyrir lok árs 2023. Stjarna Austurlands kynnt sérstaklega.**
Ábyrgð: Verkefnisstjórn, Áfangastaðastofa og Matarauður Austurlands.
Stjarna Austurlands kynnt og er komin í notkun hjá stöðfirskum framleiðendum.
- Starfsmarkmið 3.8 **Efla Sköpunarmiðstöðina með því að auka samstarf milli íbúa og forsvarsmanna með hugarflugsfundum og heimsóknunum fyrir lok árs 2023.**
Ábyrgð: Eigendur Sköpunarmiðstöðvarinnar og verkefnisstjóri.
Tónleikar, námskeið og sýningar eru nú reglulegir viðburðir hjá Sköpunarmiðstöðinni.
- Starfsmarkmið 3.10 **Að minnsta kosti eitt nýsköpunar- og/eða þróunarverkefni tengt atvinnulífi á Stöðvarfirði verði komið til framkvæmda fyrir lok árs 2024.**
Ábyrgð: Frumkvöðlar, verkefnisstjórn og atvinnulíf.

Meginmarkmið 3: Öflugt atvinnulíf



- Starfsmarkmið 3.1 **Komið verði á opinberu starfi, með staðsetningu á Stöðvarfirði, fyrir lok árs 2024.**
Ábyrgð: Verkefnisstjórn, Fjarðabyggð og stjórnvöld.
- Starfsmarkmið 3.2 **Unnið verði að því að koma á fót aðstöðu fyrir óstaðbundin störf á Stöðvarfirði fyrir lok árs 2024.**
Ábyrgð: Verkefnisstjórn og Fjarðabyggð.
- Starfsmarkmið 3.4 **Kanna grundvöll þess að koma á fót miðstöð fornleifarannsókna á Austurlandi, staðsettri á Stöðvarfirði. Niðurstöður liggi fyrir í lok árs 2024.**
Ábyrgð: Verkefnisstjórn, áhugahópur um fornleifar á Stöðvarfirði og Fjarðabyggð.
- Starfsmarkmið 3.5 **Styrkja stöðu Stöðvarfjarðar sem safnabæjar og tekið verði upp samstarf við Safnastjórn Fjarðabyggðar um eflingu safnastarfs og fjölgun tengdra starfa á Stöðvarfirði fyrir lok árs 2024.**
Ábyrgð: Fjarðabyggð og verkefnisstjórn.
- Starfsmarkmið 3.6 **Skoðaður verður grundvöllur þess að setja upp sýningu um fornleifar á Stöðvarfirði fyrir lok árs 2025.**
Ábyrgð: Félag áhugafólks um fornleifar á Stöðvarfirði og Sköpunarmiðstöð.
- Starfsmarkmið 3.9 **Virkja íbúa og aðra áhugasama til þess að halda námskeið út frá þekkingu og aðstöðu fyrir lok árs 2023.**
Ábyrgð: Verkefnisstjóri, íbúar, aðilar í ferðaþjónustu og aðrir áhugasamir í samstarfi við Austurbrú.
- Starfsmarkmið 3.11 **Kannaður verði möguleiki á samningi um sértækt Aflamark Byggðastofnunar fyrir lok árs 2024.**
Ábyrgð: Fjarðabyggð, verkefnisstjórn í samstarfi við Byggðastofnun.

Meginmarkmið 4: Sterkir innviðir

Markmið sem hafa þegar náðst og vinnu við þau lokið:



- Starfsmarkmið 4.1 **Aukin tækifæri í ferðamennsku. Greining á þörfum og skilgreining verkefna fyrir ferðaþjónustu á Stöðvarfirði. Skoða sérstaklega gæði þjónustu og afþreyingarmöguleika fyrir sumarið 2023.**
Ábyrgð: Verkefnisstjórn, aðilar í ferðaþjónustu og Austurbrú.
Greinargerð sumarið 2023.
- Starfsmarkmið 4.3 **Farið verði í greiningarvinnu á núverandi leiðakerfi almenningsamgangna svo að þær verði styrktar enn frekar fyrir lok árs 2022. Endurskoðað árlega.**
Ábyrgð: Fjarðabyggð
Minnisblað sent haust 2022.
- Starfsmarkmið 4.8 **Kortleggja allar mögulegar leiðir til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis á Stöðvarfirði fyrir árslok 2023.**
Ábyrgð: Fjarðabyggð og verkefnisstjórn
Greinargerð unnin sumarið 2024.



Meginmarkmið 4: Sterkir innviðir



- Starfsmarkmið 4.2 **Farið verði í umbætur á Suðurfjarðavegi á verkefnistíma Sterks Stöðvarfjarðar fyrir lok árs 2025.**
Skýringar: Suðurfjarðavegur á milli Breiðdalsvíkur, Stöðvarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar er tiltölulega mjór og með krefjandi hæðum, beygjum og einbreiðum brúm. Suðurfjarðavegur þarfnast verulegra úrbóta út frá öryggissjónarmiðum.
Ábyrgð: Fjarðabyggð, stjórnvöld, Vegagerðin og verkefnisstjórn.
- Starfsmarkmið 4.4 **Lokið verði við lagningu ljósleiðara í íbúðarhús á Stöðvarfirði fyrir mitt ár 2024.**
Ábyrgð: Fjarðabyggð.
- Starfsmarkmið 4.5 **Útfæra og setja upp upplýsingaskilti víðsvegar um bæinn. Að minnsta kosti þrjú ný skilti verði komin upp fyrir sumarið 2023.**
Ábyrgð: Íbúasamtök Stöðvarfjarðar, aðilar í ferðapjónustu og verkefnisstjóri.
- Starfsmarkmið 4.6 **Skoðaður möguleiki þess að koma á fót „fjölnotahúsi“ fyrir lok árs 2023.**
Skýringar: Aðstaða fyrir ýmsa utanaðkomandi þjónustu sem er ekki í boði núna á Stöðvarfirði. Dæmi gæti verði sjúkraþjálfun o.fl.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri og Fjarðabyggð.
- Starfsmarkmið 4.7 **Núverandi heilbrigðisþjónusta verði greind með það að leiðarljósi að koma betur til móts við notendur fyrir lok árs 2023.**
Ábyrgð: Verkefnisstjóri, Íbúasamtök Stöðvarfjarðar, HSA og Fjarðabyggð.
- Starfsmarkmið 4.9 **Teknar verði í notkun fimm nýjar íbúðir á Stöðvarfirði fyrir lok árs 2025.**
Ábyrgð: Fjarðabyggð.
- Starfsmarkmið 4.10 **Skoðað verði að koma á fót iðngörðum og/eða skrifstofukjarna fyrir árslok 2024.**
Ábyrgð: Frumkvöðlar, verkefnisstjóri og Fjarðabyggð.